



19. ágúst 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-116/2022 í samráðsgátt stjórnvalda

Reglugerðardrög um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi

Með ofangreindum reglugerðardrögum er fyrirhugað að gera lífeyrissjóðum og löginneimtuaðilum kleift að birta gögn í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Samkvæmt 24. gr. a laga um lögmenn, nr. 77/1998, er með löginneimtu átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga sem felst í aðgerðum á borð við fjárnám, nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti, höfðun dómsmála o.fl. Samkvæmt 7. gr. laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild eins og hefðbundin birting eða tilkynning, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti. Taki reglugerð sem þessi gildi munu innheimtuaðilar því auðveldlega geta birt slík gögn eingöngu rafrænt.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi rafrænni þróun en gjalda þó varhug við því að svo stór breyting á grundvallaratriðum réttarkerfisins sé gerð með einfaldri reglugerð og án þess að hafa verið kynnt á nokkurn hátt fyrir almenningi. Birting á ýmiss konar tilkynningum, áskorunum, stefnum o.þ.h. hefur í för með sér réttaráhrif sem geta orðið íþyngjandi, ekki síst ef svo fer að erindið berst ekki til viðtakanda og hann getur því ekki brugðist við því tímanlega. Afar misjafnt er hversu vel fólk hefur færi á að tileinka sér rafræn samskipti af þessu tagi og ákveðnir hópar geta það alls ekki. Þess vegna er afar mikilvægt að rafræn birting sé ekki metin fullgild nema viðtakandi hafi í það minnsta staðfest móttöku með rafrænum hætti, en að öðrum kosti verði að birta gögnin viðtakanda í eigin persónu eins og hingað til hefur tíðkast. Þar sem enga slíka varnagla er að finna í reglugerðardrögum eða viðkomandi lögum, er hætta á að einstaklingar kunni að verða fyrir réttarspjöllum.

Jafnframt verður að staldra við og spyrja aðeins um forgangs röðun stjórnvalda? Með reglugerðinni er í raun verið að gera innheimtuaðilum auðveldara að herja á fólk í greiðsluferfiðleikum með aðgerðum sem geta verið mjög íþyngjandi og afdrifaríkar. Það er ekki lögbundið hlutverk stjórnvalda að standa í slíku heldur ættu þau frekar að leggja áherslu á að vernda og styðja fólk sem lendir í óviðráðanlegum erfiðleikum sem leiða til þess að það verður að skotsþæni innheimtulögfræðinga.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að svo mikil breyting á grundvallaratriðum réttarkerfisins sem felst í ofangreindum reglugerðardrögum eigi ekki að geta átt sér stað með einfaldri ákvörðun ráðherra um að setja reglugerð, heldur verði hún að minnsta kosti að hljóta þinglega meðferð svo kjörnir fulltrúar almennings geti fengið tækifæri til að tjá sig um og taka afstöðu til hennar. Jafnframt er óeðlilegt að hún sé kynnt af fjármála- og efnahagsráðherra þar sem löginneimta fellur undir dómsmálaráðuneyti samkvæmt gildandi forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta.

Samkvæmt öllu framangreindu leggjast Hagsmunasamtök heimilanna alfarið gegn því að umrædd reglugerðardrög taki gildi að óbreyttu.

Fari engu að síður svo að reglugerð sem þessi verið sett, er það lágmarkskrafa að hún taki ekki gildi nema samhliða breytingum á lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021, þess efnis að rafræn birting á stefnum, áskorunum og tilkynningum þeim sem um ræðir, hafi ekki réttaráhrif nema viðtakandi hafi staðfest móttöku með rafrænum hætti. Það er það minnsta, en samtökin telja annars að meginreglan ætti alltaf að vera sú að birta slík gögn í eigin persónu eins og hingað til hefur verið skylt að gera nema í algjörum undantekningartilfellum.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is